

Nesfréttir



FEBRÚAR 2018 • 2. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is

 **Hádegistilboð**

Frið. kl. 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

MIÐSTÆRÐ
af matsæli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Vel heppnuð Vetrarhátíð

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

Mikið var um að vera í bæjarfélaginu á Vetrarhátíð 2018 sem stóð yfir dagana 1. til 4. febrúar sl. Seltjarnarnesbær hefur verið virkur þátttakandi í þessari hátíð ljóss og myrkurs eins og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og býður bæjarbúum sem og öðrum gestum upp á fjölbreytta dagskrá.

Ýmis mannvirki á Seltjarnarnesinu voru lýst upp með litum norðurljósanna og ljómuðu þannig í myrkrinu alla

hátíðina. Safnanóttin var afar fjörug á Bókasafninu sem iðaði af lífi allt kvöldið og mætti mikill fjöldi gesta til að taka þátt í metnaðarfullri dagskrá. Svamlað var svo á fullum krafti á Sundlauganótt í Sundlaug Seltjarnarnes þar sem bæði var hægt að skemmta sér og slaka á og skemmta sér á víxl. Það er allveg ljóst að Seltirningar kunna vel að meta þetta uppbrot á dimmum vetrardögum og nutu menningarlífsins í botn eins.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Skólahús og skólastarf

Á meðan árangur íslenskra nemenda hefur í heild legið ániður á við undanfarin áratug hefur árangur nemenda við Grunnskóla Seltjarnarness verið á uppleið og aldrei mælst betri en í nýjstu könnuninni sem gerða var á vegum fjármálaráðgjafar Reykjavíkurborgar og kemur fram að Seltjarnarnesbær sé ódýrasta sveitsveitafélagið fyrir barnafólk en Hafnarfjörður dýrast. Nemendur við skólann hafa bætt árangur sinn frá því að vera á landsmeðaltali við fyrstu mælingar í að mælast langt yfir landsmeðaltali í síðustu könnun. Þetta er ánægjuleg staða sem sýnir að fræðslustjóri, skólastjóri og kennarar hafa tekið málin alvarlegum og föstum tókum.

Á leitnar spurningar eru um hvað valdi því ástandi sem virðist ríkja í grunnskólastarfi hér á landi. Þar eru eflaust nokkrar ástæður að baki og eru fjárfraðslög til skólamála ein þeirra. Hér hefur tíðkast að reikna húsnæðiskostnað vegna skólanna inn í kostnað við skólalagðið öfugt við það sem gert er á hinum Norðurlöndunum. Spurning er um hvort allt of miklum fjármunum er varið í skólabyggingar á meðan önnur brýn mál skólastarfsins sitja á hakanum.

Hér hefur m.a. verið efnt til samkeppni á meðal arkitekta um byggingar grunnskóla og glæsihallir risið meðan aðrir Norðurlandabúar byggja meira eftir stöðluðum fyrirmyndum. Full ástæða er til þess að staldra við þennan þátt grunnskólastarfsins í ljósi þess að skólahúsið er umgjörð. Það er innra starfið í skólanum sem skiptir öllu máli. Skólayfirvöld á Seltjarnarnesi hafa greinilega metið innra starfið að verðleikum í ljósi námsárangurs grunnskólalabarna.

Framkvæmdir hafnar við íþróttamiðstöðina



Myndin var tekin við undirritun verksamningsins og á henni eru: Haukur Geirmundsson sviðstjóri íþrótt- og tómtundasviðs, Kári Garðarsson íþróttastjóri Gróttu, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og frá Munck voru þeir Ásgeir Loftsson, Guðmundur Þórðarson og Ólafur Steinar Þormar og svo Pétur Vilberg Guðnason frá Strendingi eftirlitsaðila verksins.

Framkvæmdir eru hafnar við byggingu og endurbætur á íþróttamiðstöðinni. Undirritaður var verksamningur milli Munck og Seltjarnarnesbæjar um stækkun og endurbætur á íþróttamiðstöð bæjarins þann 16. janúar sl. Auk íþróttasalar fyrir fimleika verður byggð búningsaðstaða, þreksalur, áhaldageymsla, betrubætt anddyri og fleira sem tengist íþróttaiðkun.

Tilboð bárust frá tveimur aðilum í framkvæmdina og samþykkti bæjarráð á fundi sínum 14. desember 2017 að taka tilboði lægst bjóðanda sem var frá Munck Íslandi ehf. Tilboð þeirra hljóðaði upp á 703 m.kr., sem var mjög nálægt upphaflegri kostnaðaráætlun bæjarins en sú hljóðaði upp á 690 m.kr.

Um leið og framkvæmdir hófust

var ný gönguleið tekin í notkun til að tryggja öryggi nemenda og annarra gangandi vegfarenda á meðan á framkvæmdum stendur. Vegna þess hversu mikil umferð gangandi vegfarenda verður fram hjá athafnasvæðinu er gert ráð fyrir að aksturshliðið verði eingöngu notað til að ferja tæki, vörur og annað efni til og frá verkstað. Þegar það er í notkun mun sérstakur öryggisvörður stöðva umferð gangandi vegfarenda og stýra inn og útakstri frá athafnasvæðinu til að tryggja öryggi. Um leið og húseignendur í nær liggjandi húsum og vegfarendur eru beðnir forláts vegna þeirrar truflunar sem framkvæmdirnar og notkun vinnuvéla mun hafa í för með sér eru þeir vinsamlegast beðnir um að taka sérstakt tillit til aðstæðna. Áætluð verklok eru 1. maí 2019

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



...VERIÐ VELKOMIN...

KJÖTKOMPANI
HFJ 101

GRANDI

ESTD *Hágoeða* 2009

— KJÖTVÖRUR —

100% Co *Coedi*

WWW.KJOTKOMPANI.IS

Grandagarði 29 | 101 Reykjavík



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Friðrik Karlsson bæjarlistamaður og Sjöfn Þórðardóttir formaður menningarmálanefndar. Myndin var tekin við afhendinguna.

Friðrik Karlsson bæjarlistamaður

Friðrik Karlsson tónlistarmaður var útnefndur bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018 við hátíðlega athöfn á bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 19. janúar sl. Menningarnefnd Seltjarnarness sér um val bæjarlistamanns ár hvert og veitti Sjöfn Þórðardóttir formaður menningarnefndar Friðriki viðurkenningarskjál ásamt starfsstyrk að upphæð 1.000.000 kr. sem fylgir nafnbótinni.

Friðrik hefur búið á Seltjarnarnesi um nokkurra ára skeið ásamt því að hafa búið þar um tíma á sínum yngri árum. Friðrik er vel þekktur og eftirsóttur tónlistarmaður hér heima og erlendis. Hann hefur starfað sem atvinnutónlistarmaður frá unga aldri og auk þess að starfrækja tvær tónlistarútgáfur í Bretlandi. Frá upphafi ferilsins hefur Friðrik verið afar afkastamikill tónlistarmaður og lagasmiður og á til að mynda 364 verk skráð/útgefin hjá STEF. Friðrik var á árinu 2017 heiðraður með Gullnöglinni, gítarverðlaunum Björns Thoroddsen í viðurkenningarskyni fyrir landvinninga og afburða gítarleik. Friðrik hefur leikið inn á fjölmargar hljómplötur á Íslandi og erlendis og er hvað þekktastur fyrir þátttöku sína í Mezzoforte frá 1977 en hljómsveitin hlaut heimsfrægð og komst á vinsælda lista erlendis með Garden Party. Mezzoforte er enn eftirsótt hljómsveit og kemur fram á tónleikum um allan heim. Friðriki Karlssyni og fjölskyldu eru færðar innilegar hamingjuóskir með heiðursnafnbótina, Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018 og munu Seltirningar að sjálfsögðu fá að njóta hæfileika hans á árinu. Nánar er rætt við Friðrik hér í blaðinu.

NESIÐ OKKAR - RAFRÆN ÍBÚAKOSNING

Seltjarnarnesbær hefur nú sett í gang nýtt samráðsverkferni íbúa og bæjarins um forgangsroðun og úthlutun fjármagns, 10 milljónir króna til smærri nýrra framkvæmda og viðhaldsverkferna á Seltjarnarnesi í sumar. Um er að ræða sambærilega nálgun og íbúakosningu líkt og nágrennasveitarfélög okkar hafa gert með „Okkar Kópavogur“ og „Okkar Mosó“. Verkefnið NESIÐ OKKAR er til þriggja ára og því fara 30 milljónir króna í framkvæmdir sem skipulagðar verða með þessum hætti á árunum 2018-2020.

Öllum bæjarbúum, 16 ára og eldri og með lögheimili á Seltjarnarnesi gefst kostur á og eru í raun eindregið hvattir til að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni en það skiptist í þrjá hluta; hugmyndasöfnun, íbúakosningu og framkvæmd. Samráðsvettvangurinn fer fram á netinu á nesid-okkar.betrainsland.is og er opinn öllum til skoðunar og þátttöku gegn skráningu og samþykki notendaskilmála.

Helstu tímasetningar vegna NESIÐ OKKAR 2018 eru eftirfarandi:

- **20. febrúar – 11. mars:** Hugmyndasöfnun fer fram á hugmyndavef verkefnisins. Seltirningar geta bæði sett inn sínar eigin hugmyndir, bætt við eða stutt hugmyndir annarra og komið með ábendingar.

- **27. febrúar kl. 17.30 – 19.00:** Íbúafundur í Valhúsaskóla þar sem verkefnið verður kynnt og íbúum býðst að skila inn hugmyndum á staðnum.

- **12. mars – 9. apríl:** Allar hugmyndir verða metnar af tveimur matshópum á vegum bæjarins. Fyrst verður kannað hvort að hugmyndin falli undir skilyrði verkefnisins og svo lagt mat á kostnað við hönnun og framkvæmd þeirra hugmynda sem það gera. Að lokum verður valið úr og stillt upp 20 verkefnum fyrir íbúa að kjósa um í íbúakosningu á netinu.

- **10. apríl – 24. apríl:** Rafræn kosning Seltirninga um verkefni til framkvæmda sumarið 2018.

- **26. apríl:** Úrslit kosninganna opinberaðar. Í framhaldi fara undirbúningur og útboð í gang sem og framkvæmdir í ferli þannig að þeim ljúki innan ársins.

Allar hugmyndir íbúa eru vel þegnar en til þess að hugmyndir komist áfram í íbúakosningu þurfa verkefni að uppfylla ákveðin skilyrði. Þau þurfa að til að mynda að:

- Nýttast hverfi eða íbúum bæjarins í heild.
- Vera til fjárfestinga en ekki til rekstrar.
- Vera framkvæmanleg án mjög flókens undirbúnings.
- Líftími fjárfestingar skal vera að lágmarki fimm ár.
- Tillögur samræmist skipulagi og/eða stefnu Seltjarnarnesbæjar.
- Vera á fullu forræði Seltjarnarnesbæjar (innan bæjarmarka og ekki á landi í einkaeigu).
- Kostnaður einstakra verkefna sé ekki lægri en 1 mkr. og ekki hærri en 3 mkr.

Ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulagið og skilyrði fyrir þátttöku er að finna á heimasíðu bæjarins og á nesid-okkar.betrainsland.is. Með verkefninu NESIÐ OKKAR er markmið bæjaryfirvalda að skapa aðstæður þar sem að íbúar geta tekið þátt í samráði með stjórnsýslunni, haft skoðanir á nærumhverfi sínu, forgangsraðað og útteilt fjármagn í smærri framkvæmdir á vegum bæjarins. Bundnar eru vonir við það að sem flestir nýti sér tækifærið og komi sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri. Það er einfalt að taka þátt!



KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnunsmannann konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjábjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bilapvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilapvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Draghals 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Plastflokkun verður einfaldari á Nesinu

Frá og með 1. mars einfaldast plastflokkun á Seltjarnarnesi til muna því þá mega íbúar setja allt hreint plast saman í plastpoka að eigin vali, hnýta fyrir og henda pokanum beint út í almennu sorptunnunna. Plastið verður svo flokkað frá almennu sorpi með vélrænum flokkunar búnaði. Ekki verður því lengur þörf á sérmerktu pokunum sem hafa verið notaðir við plastsöfnun í tilraunaátaki SORPU og Seltjarnarnesbæjar sem stóð yfir í rúmt ár.

Íbúar á Seltjarnarnesi hafa frá árinu 2016 getað skilað plasti til endurvinnslu í sérstökum 100% endurunnum pokum sem þeir hafa fengið sér að kostnaðarlausu á nokkrum stöðum hér í bænum. Um tilraunaverkefni var að ræða og þótti tilraunin takast vel því magn plasts til endurvinnslu frá íbúum á Seltjarnarnesi sjöfaldaðist á þessum tíma.

Það er því ánægjulegt að segja frá því að þegar að niðurstöður voru kynntar fyrir stjórn SORPU vorið 2017 ákvað hún að tímabært væri að taka næsta skref í endurvinnslu á plasti. Framkvæmdastjóra SORPU var í kjölfarið falið að undirbúa uppsetningu vélræns tækjabúnaðar í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi, sem ætlað er að flokka poka með plasti til endurvinnslu frá öðrum heimilisúrgangi. Markmiðið með endurvinnslunni er að nýta betur hráefnið í plastinu og draga úr urðun.

Plastið fer nú í poka að eigin vali

Eins og áður munu íbúar flokka plastið, skola burtu af því matarleifar, aðskotahluti og önnur efni. Þetta á við um hvers kyns plastumbúðir, þeim svo staflað saman eftir því sem hægt er og þær settar í vel lokuðum plastpokum í tunnu fyrir almennan heimilisúrgang. Flokkunar búnaðurinn metur eðlisþyngd



plastsins og blæs pokum með plasti frá öðrum úrgangi. Plastið er síðan baggað og sent til Svíþjóðar í endurvinnslu. Þar er það flokkað eftir plasttegundum, þvegið, malað og svo nýtt sem hráefni í margvíslegar nýjar plastvörur. Plast af lélegum gæðum, s.s. samsettar umbúðir, nýtast sem orkugjafi við framleiðslu á heitu vatni og rafmagni.

Hvers vegna að flokka plast?

Plast er búið til úr olíu, sem er óendurnýjanleg auðlind og er mikilvægt að nýta betur en nú er gert. Plast brotnar seint eða ekki niður í náttúrunni og getur valdið lífríkinu skaða sleppi það óhindrað út í umhverfið. Ábyrgð okkar allra er að umgangast auðlindir jarðar af virðingu og koma úrgangi í þann farveg að hráefni nýtist á nýjan leik en fari ekki til spillis eða valdi umhverfinu skaða.

Samfélagið þarf að gera mun betur hvað endurvinnslu á plasti varðar. Sem dæmi þá fóru á árinu 2017 um 27 kg. af óflokkuðu plasti frá hverjum íbúa á höfuðborgarsvæðinu í sorptunnuna, samkvæmt rannsókn SORPU á heimilisúrgangi, og enduðu þar með á urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Aðeins um



5 kg. af plasti á íbúa skilaði sér flokkað í endurvinnslufarveg. Með nýjum vélrænum flokkunar búnaði í móttöku- og flokkunarstöð SORPU verður mun einfaldara að koma plastinu til endurvinnslu auk þess sem það er hagkvæmara fyrir sveitarfélagið, og þar með íbúana, að sem mest af endurvinnsluefnum, t.d. plasti, pappír og pappa, fari í endurvinnslufarveg fremur en í urðun.

Við þökkum þeim íbúum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu fyrir þeirra framlag og vonum að enn fleiri bætist í hóp þeirra sem flokka plast til endurvinnslu á Seltjarnarnesi. Á næstu dögum fá Seltirningar ítarlegar upplýsingar um það hvernig þeir geta haldið áfram að vera í fararbroddi í plastflokkuninni því betur má ef duga skal!



LÍKLEGA BESTI
HOLLI SKYNDI-
BITINN Á ÍSLANDI

XO

FUN • FAST • FUSION

JL HÚSINU
& SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS
571-3888



Aron og Elín íþróttamaður og -kona ársins á Seltjarnarnesi

Elín Jóna Þorsteinsdóttir handboltakona og Aron Dagur Pálsson handboltamaður voru kjörin íþróttakona og íþróttamaður á Seltjarnarnesi 2017. Kjörin fór fram fimmtudaginn 25. janúar að viðstöddu fjölmenni í Félagsheimili Seltjarnarness. Kjörin fór nú fram í 25. skiptið en það var fyrst haldið 1993.

Kjörin er í umsjón íþrótt- og tómsbundanefndar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþróttar, öfluglu íþróttastarfi á Seltjarnarnesi og verðlauna sérstaklega afreksíþróttamenn úr hópi bæjarbúa. Elín Jóna Þorsteinsdóttir er fædd 1996 og hefur verið aðalmarkvörður Hauka í handbolta undanfarnin ár og á stóran þátt í þeim góða

árangri sem liðið hefur náð. Elín Jóna var valin handboltakona ársins í Hafnarfirði 2017 og einnig Íþróttakona Hauka 2017. Elín Jóna hefur leikið með öllum yngri landsliðum Íslands og verið valin í A landslið Íslands síðastliðin 2 ár. Elín Jóna var einn albesti markvörður Ólísdeildarinnar á síðustu og yfirstandandi leiktíð. Frammistaða Elínar Jónu hefur vakið mikla athygli út fyrir landsteinana og hafa lið í Þýskalandi og Danmörku verið að bera víurnar í hana. Elín Jóna er mikil og góð fyrirmynd innan sem utan vallar.

Aron Dagur Pálsson er fæddur 1996. Hann hefur æft með Gróttu alla tíð þar til síðasta haust þegar hann færði sig yfir í Stjörnuna í Garðbæ. Aron Dagur er að leika sitt fjórða tímabil sem

lykilmaður í meistaraflokki þrátt fyrir ungan aldur og hefur leikið samtals 63 leiki fyrir yngri landslið Íslands og einn A landsleik. Hann var valinn í afrekshóp HSÍ á síðasta ári. Á afrekaskrá Arons eru m.a. bronsverðlaun á HM U19 ára og 7. sæti á EM í Danmörku U20 ára sem er besti árangur Íslands á EM í yngri landsliðum. Aron er sonur hins kunna handboltakappa Páls Þórólfssonar, en hann var valinn Íþróttamaður Seltjarnarness árið 2004.

Jafnframt voru veitt verðlaun til landsliðsfólks, ungs og efnilegs íþróttafólks auk þess sem Íslandsmeistarar voru sérstaklega verðlaunaðir.



Elín Jóna Þorsteinsdóttir handboltakona og Aron Dagur Pálsson handboltamaður ásamt formanni og varaformanni ÍTS.



Arndís Ásbjörnsdóttir, Arnhildur Anna Árnadóttir, Elín Jóna Þorsteinsdóttir, Júlíus Þórir Stefánsson, Lovísa Thompson og Aron Dagur Pálsson voru öll tilnefnd til íþróttamanns og konu ársins 2017.



Landsliðsfólk. Á myndina vantar þær Matthildi Óskarsdóttir og Rögna Kristínu Guðbrandsdóttur.



Bikarameistarar í fimleikum.



Ungt og efnilegt íþróttafólk á Seltjarnarnesi.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Úthlutun úr Afreksmannasjóði Seltjarnarness

Í íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsustefnu bæjarins, sem unnin var í samráði við bæjarbúa 2013 og samþykkt var í bæjarstjórn 2014 er fjallað um stofnun sérstaks afreksmannasjóðs. Sjóðurinn var formlega settur á laggirnar í fyrra og á kjöri íþróttamanns- og konu



Fanny Hauksdóttir og Lovisa Thompson.

Seltjarnarness nú í janúar var fyrst úthlutað úr sjóðnum, eftir auglýsingu í desember. Markmið bæjarins með sjóðnum er að styðja enn frekar við afreksíþróttamenn á Seltjarnarnesi með því að styrkja einstaklinga og hópa sem skara framúr í íþróttagrein sinni á lands- eða heimsvísu.

Í ár fengur tvær afreksíþróttakonur úthlutun úr sjóðnum, þær Fanny Hauksdóttir og Lovisa Thompson. Fanny er kraftlyftingakona úr Kraftlyftingafélagi Reykjavíkur, en hún er þrefaldur Evrópumeistari í bekkpressu. Samtals hefur Fanny verið tíu sinnum á verðlaunapalli á EM og HM í bekkpressugrein, þar af einu sinni heimsmeistari. Lovisa Thompson er ein besta handknattleikskona landsins og leikur með meistaraflokki Gróttu og A-landslíðinu þrátt fyrir ungan aldur, en hún er fædd 1999. Hún er fyrirlíði Gróttu í Ólísdeildinni og var kjörin íþróttamaður Gróttu fyrir árið 2017.

Reglur sjóðsins má finna hér, líkt og aðrar samþykktir íþrótt- og tómstundaneindar <http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthykkir/nr/3229>

Viltu taka þátt í lestri PASSÍUSÁLMANNA?

Seltjarnarneskirkja lýsir eftir áhugafólki, sem vill taka þátt í upplestri PASSÍUSÁLMA sr. Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa hinn 30. mars nk. Það hefur sem kunnugt er verið venja allmörg undanfarin ár að lesa upp alla 50 sálmana í kirkjunni á þessum mikilvæga degi kirkjuársins. Hópur Seltirninga á öllum aldri hefur annast lesturinn, breytilegur frá einu ári til annars, en sumir hafa lesið margsinnis. Ljúf tónlist hefur verið leikin á milli lestra, ýmist á orgel, hörpu eða önnur hljóðfæri.

Passíusálmarnir eru mikið snildarverk og var sú tíð að fjöldi Íslendinga lærði þá utanað sér til uppörvunar. Margir þeirra eru einnig vel þekktir núlifandi kynslóðum t.d. hinir fögru sálmar, sem oft eru sungnir, "Víst ertu, Jesús, kóngur klár", "Son Guðs ertu með sanni" og "Gegnum Jesú helgast hjarta", o.m.fl. - Ekkert sem ort hefur verið á íslensku hefur verið prentað jafnott,

auk þýðinga á fjölda tungumála.

Upplesturinn mun hefjast kl. 13 og ljúka um kl. 18. Eins og áður verða allir, Seltirningar og aðrir, velkomnir að njóta lestursins og tónlistarinnar - en öll árin hafa fjölmargir notfært sér þetta tækifæri til að viðhalda og styrkja kynni sín af hinum óviðjafnanlega kveðskap sr. Hallgríms og minnst píslargöngu Krists.

Ákveðið hefur verið að gefa sem flestum tækifæri að vera með í lestrinum. Venjan hefur verið að hver lesari flytji 1-3 sálma, en þeir eru allmörg erindi hver. Mun hver lesari ráða hve mikið hann les. Þeir sem vilja láta skrá sig til lestrar, eða óska nánari upplýsinga, eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við umsjónarmennina Þórleif Jónsson, selbr9@centrum.is, s. 561 1404, eða Ólaf Egilsson, olegice@simnet.is, s. 551 5411.



Kíktu á boðefnabaraninn!



CACAÓ & ANNÐ Á BOÐEFNABARNUM

Þjóðum allskyns holla og heimagerða drykkir á boðefnabarnum sem næra bæði líkama og sál. Bliss og ástardrykki og allt þar á milli.



KRISTALSVATNS- FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Margar tegundir. Mögnuð gjöf.



TÍMAMÓTAGJÖF!

Frábært veganesti út í lífið fyrir fyrir fermingarbörn á öllum aldri: Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull.



Regnskógar cacao 700mg
Vilttur chaga kraftur 6000mg

VÍTAMÍN & DRYKKIR

Frá Viridian koma vönduðustu bæstiefni samtímans en líka magnaðir drykkir til heimabruks.



FLOTHETTAN

Framúrskarandi íslensk hönnun. 4 litir/munstur.

Líka í netsölu á systrasamlagid.is

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Fylgstu með
SLÖKUN Í BORG
á www.systrasamlagid.is

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

Frá foreldraráði Leikskóla Seltjarnarness

Eru of mörg börn í hóp og dvalartími of langur

Foreldraráð starfa í leikskólum landsins samkvæmt lögum um leikskóla sem Alþingi setti árið 2008. Samkvæmt þeim er hlutverk foreldraráða að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.



Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Af þessu má ráða að foreldraráðin gegna þýðingarmiklu hlutverki og áriðandi að fulltrúar þeirra eigi gott samstarf við stjórnendur leikskóla, kjörna fulltrúa og umfram allt foreldra barna í leikskólunum.

Íslandsmet í dvalartíma

Eitt af þeim málum sem foreldraráðið hefur til skoðunar er ályktun Félags stjórnenda leikskóla sem send var skólanefndum um allt land í haust. Þar var lýst yfir áhyggjum af of litlu rými í leikskólum, of mörgum börnum í hóp og löngum dvalartíma. Samkvæmt skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD sem vitnað er til í ályktuninni eiga Íslendingar met í dvalartíma í leikskólum, bæði í klukkutímum á dag og fjölda daga á ári. Þeim börnum fjölga stöðugt sem dvelja átta klukkustundir eða lengur á dag í leikskólanum. Árið 1998 voru 40,3 prósent íslenskra leikskólabarna með að minnsta kosti átta klukkustunda dvalartíma. Árið 2016 var þetta hlutfall komið upp í 87,3 prósent. Hér á Seltjarnarnesi er staðan raunar þannig að 92,7 prósent leikskólabarna dvelja átta klukkutíma eða lengur í leikskólanum á dag þannig að við erum nokkuð ofan við landsmeðaltalið í þessum efnum.

Taka þarf málið alvarlega

Þessi ályktun leikskólastjórnenda hefur verið bæði rædd í skólanefnd Seltjarnarness og innan foreldraráðsins og er það samdóma álit allra að stöðuna verði að taka alvarlega. Stjórnendum Leikskóla Seltjarnarness hefur verið falið að vinna áfram með málið í samstarfi við foreldraráð. Við sem sitjum í ráðinu erum á einu máli að vinda verði ofan af þessari þróun með einhverjum hætti en um leið leggjum við áherslu á að stigið verði varlega til jarðar hvað aðgerðir varðar. Á meðal þeirra ráðstafana sem komið hafa til tals er upptaka vetrarfría svo leikskólabörn fái líka kærkomna hvíld frá skólustarfinu eins og eldri börnin, áskoranir til foreldra um að stytta dvalartíma barnanna eins og frekast er kostur og jafnvel að leikskólinn hætti að bjóða upp á lengri dvalartíma en átta klukkutíma. Hér skal samt ítrekað að engar ákvarðanir hafa verið teknar og það verður ekki gert án samráðs við foreldra eða fulltrúa þeirra.

Foreldrafélag og foreldraráð Leikskóla Seltjarnarness eru með netfangið foreldrafelags@nesid.is. Við hvetjum foreldra og aðra til að hafa samband við okkur með ábendingar eða annað sem þeir vilja koma á framfæri.

Það er gott að búa á Seltjarnarnesi

Það fylgja því mikil forrættindi að hafa fengið að alast upp á Seltjarnarnesi. Öflugir leik-, tónlistar- og grunnskólar, handbolti á veturnar og fótbolti á sumrin. Félagsmiðstöðvarstarfið sem tók við í Való og allir vinirnir og kunningjarnir sem maður eignast með því að fara samferða í gegnum alla skólagönguna á Nesinu. Nú er ég kominn með nýtt hlutverk og fylgist með strákunum mínum tveimur hefja leikskólagöngu sína, eignast vini og taka fyrstu skrefin í starfinu hjá Gróttu og ykkur að segja þá finnst mér það alveg dásamlegt.

Það eru þó hlutir hérna á Nesinu okkar sem ég tel að betur má fara, ég hef barist fyrir því að ný skipulög taki mið á þörfum ungs fólks á litlum íbúðum og að foreldrar geti fengið leikskólalátt um leið og fæðingarorlofi lýkur. Ég hef einnig tekið þátt í að berjast fyrir bættari aðstöðu fyrir tólmstundastarf aldreaðra sem og frístundastarf barna á Nesinu. Ég vil að bærinn taki aukinn þátt í rekstri á félagslegu húsnæði fyrir þá sem standa verst í samfélaginu sem og að þjónusta við fatlaða verði bætt með nýju húsnæði og betri þjónustu. Að lokum tel ég að hægt sé að bæta stjórnsýslu bæjarins

svo um munar með öflugari stefnumótun og skýrum markmiðum sem mundu endurspeglast í forgangsriðun fjárfestinga, virku íbúalýðræði og skýrri framtíðarsýn á þjónustu bæjarins.

Nú er Samfylkingin Seltirninga að auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum til að taka sæti á framboðslista sínum, einstaklingum á öllum aldri sem þykja vænt um bæjarfélagið sitt en vilja á sama tíma taka þátt í að gera gott samfélag enn betra. Ég vil hvetja sem flesta til að gefa kost á sér því við höfum öll eitthvað til málanna að leggja og maður þarf ekki að vera ósáttur við allt í bæjarfélaginu til þess að taka þátt í móta þjónustu bæjarins og þá stefnu sem við viljum að Seltjarnarnesbær vinni eftir.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Bæjarfulltrúi og
formaður Samfylkingar Seltirninga

Húsfélagþjónusta Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



• EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

DAGSKRÁ MARS 2018

1. mars kl. 17.30

SÓLÓ Á TÓNSTÖFUM

Hin vinsæla danshljómsveit Sóló sem var stofnuð árið 1960 spilar enn og æfir reglulega í Tónlistarskólanum. Nú ríflega 50 árum síðar ætla þeir félagarnir að troða upp á bókasafninu og munu taka lög eftir Bítlana, Hollies, Searchers, Swinging Blue Jeans o.fl. Allir velkomnir!



6. mars kl. 19.30

JÓN KALMAN Á BÓKMENNTAKVÖLDI

Hvert fer maður ef það er engin leið út úr heiminum? Jón Kalman Stefánsson kemur í heimsókn og les upp úr og fjallar um bók sína Saga Ástu.



7. mars kl. 17.30



Sögustund fyrir yngstu kynslóðina

Lesin verður sagan *Skrímsli í vanda*.

Höfundur:
Áslaug Jónsdóttir, Guetter og Helmdal.

8. mars kl. 17-19

SÝNINGAROPNUN Í GALLERÍ GRÓTTU

Myndlistarkonan Margrét Zóphóníasdóttir opnar sýningu sína Sjónarvöllur í Gallerí Gróttu. Sýningin stendur til 8. apríl.



17. mars kl. 11-12

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á sigridurgu@nesid.is eða í síma 5959-170



19. mars kl. 17.30

ERINDARÖÐIN Heilsutengdur fyrirlestur

Góð melting er undirstaða góðrar heilsu og vellíðunar. Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir verður gestur okkar að þessu sinni og fjallar um allra nýjustu aðferðir til að bæta meltingarkerfið. Allir velkomnir!



19. – 26. mars

Páskahappdrætti Bókasafns Seltjarnarness

Vertu með og þú gætir unnið páskaegg. DREGIÐ 27. MARS.



22. mars kl. 17.30

Rafbókasafnið



Léttari lestur!

Úlfhildur Dagsdóttir verkefnastýra hjá Borgarbókasafni kynnir Rafbókasafnið fyrir lesþyrstum bókaormum. Rafbókasafnið er troðfullt af raf- og hljóðbókum, en fer samt vel í vasa því það á heima í snjallsímum og á spjaldtölvum.

Opnunartími:
mán. - fim. 10-19
og fös. 10-17
Lau. 11-14

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

 **Bókasafn Seltjarnarness**

Alltaf blundað í mér að búa við sjóinn

Friðrik Karlsson bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018 hefur starfað sem atvinnumaður í tónlist frá unga aldri. Hann hefur verið afkastamikill bæði sem flytjandi og einnig lagasmiður í gegnum árin. Friðrik var á árinu 2017 heiðraður með Gullnöglinni, gítarverðlaunum Björns Thoroddsen í viðurkenningskyni fyrir landvinninga og afburða gítarleik og nú hefur Seltjarnarnesbær heiðrað hann með því að gera hann að bæjarlistmanni. Friðrik bjó og starfaði í London um tveggja áratuga skeið en hér heima er hann trúlega þekktastur fyrir þátttöku sína í hljómsveitinni Mezzoforte sem er liðlega 40 ára. Þar gerði hann garðinn frægan bæði hér heima og erlendis með félögum sínum þeim Eypóri Gunnarsson, Jóhanni Ásmundssyni og Gunnlaugi Briem. Mezzoforte varð til á árinu 1977 og komst á vinsældalista erlendis með laginu Garden Party. Mezzoforte er í raun fyrsta íslenska hljómsveitin sem náði því að komast á heimskortíð. Brautryðjandi á sínu sviði. Nesfréttir settust niður með Friðriki á Kaffi Örnunni á dögunum og það fyrsta sem kom til tals var hvort tilnefningin hafi komið honum á óvart.

“Já – tilnefningin kom mér vel á óvart og auðvitað er þetta mikill heiður fyrir mig. Ég er búinn að starfa við tónlist allt frá því ég var 14 ára og raunar hvarflaði aldrei að mér að fást við annað. Ég var ungur staðráðinn í því hvað ég ætlaði að gera. Ég var með myndir af gítarleikurum upp um alla veggi og var alltaf að æfa mig og spila. Ég lauk burtfararprófi í gítarleik en til þess þurfti ég einnig að stunda nám í píanóleik og ljúka fimmta stigi. Mér fannst píanónámið ekki eins skemmtilegt og gítarinn en það hefur þó reynst mér góður grunnur sérstaklega eftir að ég kom til Bretlands og fór að semja og útsetja mikið af tónlist. Ég spilaði líka á bassa í smá tíma en það var einkum gítarinn sem ég lagði stund á. Ég var hjá ýmsum góðum kennum í gegnum tíðina en segja má að Gunnar H. Jónsson hafi verið aðalkennari minn. Gunnar var merkilegur tónlistarmaður og



Friðrik Karlsson tónlistarmaður og bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018 ásamt Mariu Von dóttur sinni við afhendingu nafnbótarinnar og starfsstyrks.

brautryðjandi í því að koma gítarleik á legg á Íslandi. Hann byggði upp sterka gítardeild við Tónskóla Sigursveins og lagði sig fram um að rækta áhuga nemenda sinna af mikilli natni.”

Hef erft iðni frá föður mínum

Er Friðrik kominn af tónlistarfólki. “Nei – ég er það reyndar ekki. Faðir minn var fæddur í Berlín og fluttist hingað til lands eftir heimsstyrjöldina síðari. Hann hafði mikinn áhuga á tónlist en starfaði ekki sem tónlistarmaður. Hann var hins vegar mjög iðinn eins og margir Þjóðverjar og ef til vill hef ég erft einhverja iðni frá honum. Ég var alla vega alltaf að í tónlistinni og var farinn að spila bæði inn á plötur og einnig á höllum sem þá voru hluti skemmtanalísins um helgar. Stundum var það mikið að gera í spilamennskunni að ég hafði varla tíma til þess að klára skólann.”

Sóttum okkur fyrirmyndir erlendis frá

Svo varð Mezzoforte til. “Við Eypór Gunnarsson vorum saman í skóla og Jóhann Ásmundsson og Gunnlaugur Briem voru í öðrum skóla. Við vissum hvorir af öðrum og höfðum allir mikinn athuga á tónlist. Við áttum allir sama

áhugamálið. Þegar við byrjuðum að spila saman þá var enginn tónlist eins og við lékum spiluð hér á landi. Við sóttum okkur fyrirmyndir erlendis frá. Einkum vestan um haf og þróuðum þetta smátt og smátt áfram. Við erum fyrstir til þess að byggja á alþjóðlegum hugmyndum og alþjóðlegu efni og ég held að það hafi valdið nokkrum straumhvörfum í tónlistinni hér. Það hjálpaði okkur einnig mikið við að komast að á erlendri grundu. Mikil af þeirri tónlist sem verið var að spila hér heima byggðist á sér íslenskum hugmyndum, innanlandshumor og tengslum við það þjóðlega. Spilverk Þjóðanna og Þursaflokkurinn voru dæmi um hljómsveitir sem sóttu sér efnivið í íslenska fortíð og aðrir tónlistarmenn, lagahöfundar og flytjendur voru meira í innlendri samtíð. Þessa tegund tónlistar þýddi lítið að leika fyrir erlenda aðila alla vega ekki til að komast inn á tónlistarmarkaði í útlöndum. En svo fylgdu fleiri á eftir okkur þótt þeir færu ekki alveg sömu leiðir. Sykurmolarnir lögðu í landvinninga nokkru síðar og svo kom Björk og Jakob Magnússon. Frá þeim tíma hefur tónlistarútrásin verið nokkuð stöðug. Fleiri og fleiri hafa verið að koma sér og verkum sínum á framfæri á erlendri grundu.”

Paul McCartney og Elton John á fremsta bekk

Friðrik starfaði að margvíslegum verkefnum á sviði tónlistar í Bretlandi. Árið 2014 hringdi söngkonan Kate Bush í hann að það hann að spila á tónleikum en þá var hún að koma fram eftir langt hlé eða um 35 ára hvíld frá tónlistinni. “Hún bað mig að vera í bandinu á 22 tónleikum sem haldnir voru í London. Þetta var rosaleg upplifun og í salnum fyrsta kvöldið voru ýmsir þekktir á fremsta bekk. Þar voru Paul McCartney og Elton John sem ekki þarf að kynna, Jimmy Page úr Led Zeppelin, Dave Gilmore og fleiri heimskunnir tónlistarmenn að Björku Guðmundsdóttur ógleymdri. Þetta er með einum af mínum stærstu verkefnum ef ekki það stærsta og örugglega ógleymanlegasta. Annars hafði ég alltaf nóg að gera úti. Ég spilaði meðal annars inn á tíu lög sem enduðu í fyrsta sæti vinsældalistans fyrir utan öll hin. Það var alltaf eitthvað við að vera að spila við ýmis verkefni lék líka töluvert í söngleikjum.

Sex mánuðir urðu að tveimur áratugum

En þrátt fyrir verkefni og velgengni í Bretlandi ákvað Friðrik að flytja heim til Íslands eftir um tveggja áratuga dvöl ytra. “Upphaflega átti þetta var verða sex mánaða dvöl ytra en urðu tveir áratugir. Ég hafði ekki hugsað mikið um að flytja heim en María Von dóttir mín var farinn að ræða um það við mig hvort ég gæti hugsað mér að búa á Íslandi. Hún er núna í 10. bekk og mikil pabbastelpa. Hún er alin upp í London en fann vel þegar við komum hingað hversu miklu meira frjálrsæði er að búa á Íslandi. Hér geta unglingar farið einir í bíó sem þekktist ekki í London. Það er miklu einfaldara lífið hér. María er eina barnið mitt og hún hefur verið að fikra sig áfram á tónlistarbrautinni. Þegar hún fermdist flutti hún tvö frumsamin lög á píanó. Ég beið á hliðarlínunni hvort hún væri með tónlistina í sér en svo allt í einu blómstraði hún í þessu. Ég veit þó ekki hvort hún heldur áfram á tónlistarbrautinni. Hún ætlar í



Friðrik Karlsson bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018 ásamt godspellkórnum sem söng eitt af lögum Friðriks á athöfni.

hefðbundinn framhaldsskóla og ljúka stúdentsprófi. Svo verðum við bara að sjá til með hvað hún tekur sér fyrir hendur.”

Nýt þess að vera við sjóinn

Þau feðginin fluttu þó ekki beint á Nesið. “Nei við gerðum það ekki. Við bjuggum um tíma í Garðabænum en ég fann mig ekki sérstaklega vel þar og fór því að leita fyrir mér annars staðar. Ástæðan fyrir að Seltjarnarnes varð fyrir valinu var sú að hér er maður alveg við sjóinn. Þótt ég sé ekki alin upp við sjávarsíðuna eða haft beinan aðgang að sjó á Bretlandsárunum nema að fara niður til Brighton þá blundaði alltaf í mér að geta búið nálægt sjónum. Og hér á Eiðistorginu getur þetta ekki verið betra. Ég horfi á sjóinn úr stofugluggunum og svo er stutt að fara í göngutúra með fram ströndinni. Ég geng mikið út með sjónum. Hlusta á hafið og nýt kyrrðarinnar. Þetta gefur mér innblástur. Þótt ég sé að sinna verkefnum erlendis þá truflar búsetan hér á Seltjarnarnesi lítið.

Ég vinn mest heiman að frá mér í fjarvinnslu og þá skiptir megin máli að vera nettengdur. Internetið hefur fært heiminn saman – alla vega gert hann minni.”

Slökunartónlistin mér mikilvæg

Friðrik hefur unnið talsvert að svonefndri slökunartónlist. Tónlist sem Bretinn Terry Oldfiel og fleiri hafa gert vinsæla. Á undanförunum árum hefur hann gefið út fjölda diska með róandi slökunarmúsík. „Ég er búin að gefa út um 20 slíka diska með slökunartónlist. Ég stunda líka hugleiðslu reglulega, jóga og pílates. Þar fyrir utan fer ég daglega í sund og það er einn kosturinn við Seltjarnarnes að það er örstutt fyrir mig að fara í frábæra sundlaug og líkamsrækt. Ég hef lengi verið inni á þessari heilbrigðu línu og það eykst frekar en hitt. Ég sækji sjávarniðinn og náttúruhljóðin. Ég er alltaf með símann með mér. Tek upp ef ég heyri eitthvað áhugavert og flyt inn í tölvuna. Svo nýt ég þess vel þegar kemur að þessari tegund tónlistar

að hafa lært á klassískan gítar bæði hjá Gunnari H. Jónssyni og fleiri góðum kennurum. Ég hef líka verið að fást við godspell tónlist. Ég er með tónlistarveitu í Bretlandi þar sem ég sel bæði diska niðurhal og smáforrit. Diskarnir eru þó á útleið. Ég man ekki hversu langt er síðan ég keypti sjálfur diska. Það er orðinn allnokkur tími.”en niðurhalið og streymið eru framtíðin.

Godspell og jazz á Neginu

En hvað hugsar Friðrik sér að gera á þessu ári sem bæjarlistamaður á Seltjarnarnesi. “Ég er aðeins farinn að leggja það niður fyrir mér. Ég hef hugsað mér að vera með kyrrðarstund í kirkjunni og

godspellmessu og síðan jazzkvöld á Rauða ljóninu. Ég kynntist godspell í Bretlandi. Dóttir mín var í kirkjuskóla í godspellkirkju. Það varð að greiða fyrir skóladvölinu og það gerði fólk gjarnan með sjálfboðastarfi. Ég greip því í að spila í kirkjunni. Mér sýnist að goldpell njóti vaxandi vinsælda hér á landi. Það sést meðal annars af því að godspellkórar hafa verið að kom fram á sjónarsviðið og njóta vinsælda. Þetta er aðeins enn í mótun en ég mun ekki síst leggja áherslu á djassinn,” segir Friðrik Karlsson að afloknu hádegi á Örnun og telur nú tíma kominn á fastan daglegan þátt í lífi sínu og tekur stefnu á sundlaugina.

MYNDATÖKUR
við öll tækifæri

Ljósmyndastofan
Eiðistorgi

Tímabantanir
552-0624
milli kl.13-17

Áralöng reynsla
Silla Páls og Erling

BUXNADAGAR
20% AFSLÁTTUR

VINNUFATABÚÐIN, S: 551-5425



Vinnufatabudin

Kirkjugarður á Seltjarnarnesi

Undanfarin ár hafa verið uppi hugmyndir um að útbúa kirkjugarð á Seltjarnarnesi. Í byrjun árs 2012 setti Sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju á fót vinnuhóp til þess að skoða málið, sem skilaði síðan af sér tillögu um að staðsetja slíkan garð á Vestursvæðinu, neðan við Nesstofu og ofan við Bakkagrandu en þó í hæfilegri fjarlægð frá byggð við Nesbala. Áætlanirnar gengu út frá að um blandaðan garð yrði að ræða, hefðbundin kistugarð sem og duftreit. Síðan þá hefur málið verið í biðstöðu, ekki síst vegna þess að ýmis skipulagsmál ásamt kröfum um minjavernd og almenna vernd á svæðinu reyndust flóknari en talið var í fyrstu.

Einn af þeim sem átti sæti í vinnuhópnum er Guðmundur Ásgeirsson, gjarnan kenndur við Nesskip. Guðmundur bendir á að Seltjarnarnes sé sennilega eitt af örfáum bæjarfélögum landsins sem státar ekki af eigin kirkjugarði og hefur þannig litið framhjá þeim stóra lið í menningu landsins. Hann segist vera komin á þá skoðun, eftir miklar umræður og ófá fundarhöld, að skynsamlegast væri að búa eingöngu til duftreit. „Eins og allir vita þá er landrými af skornum skammti á Seltjarnarnesi



Hugmyndir er um að útbúa kirkjugarð vestan megin við Seltjarnarneskirkju.

og því takmörk fyrir því hversu stór slíkur garður getur verið. Þróunin hefur verið á þá leið að líkbrennsla hefur sífellt verið að aukast hérlandis. Þegar vinnuhópurinn var settur af stað árið 2012 var líkbrennsla um 40% af útförum á höfuðborgarsvæðinu en í dag er hlutfallið komið yfir 50%. Víða erlendis er þetta hlutfall mun hærra allt að 90% í höfuðborgum Norðurlandanna og þannig verður væntanlega þróunin hér líka,“ segir Guðmundur.

Duftgarður við Seltjarnarneskirkju

Ef stefnt yrði að byggingu duftreits þá opnast sá möguleiki að staðsetja reitinn við Seltjarnarneskirkju. „Það er nægt rými fyrir slíkan reit vestan megin við kirkjuna. Ef reiturinn yrði til dæmis 0,7 hektarar, eins og duftreitirinn sem var gerður í Kópavogi árið 2006, þá kæmst 5.100 ker fyrir í slíkum reit. Miðað við dánartölur og íbúafjölda Seltjarnarnes þá ætti slíkur duftreitir að duga vel eða á annað hundrað ár,“ segir Guðmundur.

Hann telur að nálægð slíks reits við kirkjuna yrði mikil lyftistöng fyrir kirkjustarfið. „Það þekkist varla lengur að kirkjugarðar séu staðsettir við kirkjurnar sjálfar í þéttbýli. Þetta yrði því nokkuð einstakt, að hægt sé að halda jarðarfarir í kirkjunni og síðan fari greftrun fram við hlið hennar,“ segir Guðmundur.

Hann er sannfærður um að slíkur duftreitir gæti orðið mikil bæjarþrói ef vel er að verki staðið. Guðmundur sér fyrir sér að þetta yrði fallegur skrudgarður með náttúrulegu yfirbragði sem félli vel að umhverfi Valhúsarhæðar.



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2018

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 18 ára og eldri (fædd 2000 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf og ýmis afleysingastörf. Einnig er auglýst eftir ungmennum 20 ára og eldri (1998 og eldri) í störf flokkstjóra og leiðbeinenda. Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Opnað hefur verið fyrir umsóknir um störf. Sjá nánar á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.

Umsóknarfrestur er til 3. apríl 2018

VINNUSKÓLI 8. – 10. BEKKUR OG 17 ÁRA F. 2001

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2001 og 2002. Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2003 og 2004.

EKKI er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 11. júní til 26. júlí.

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2018

Vinnuskólinn verður settur 7. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla

Sótt er um störfín á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is
Nánari upplýsingar eru á heimasíðu og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.

FEBRÚARTILBOÐ


Kauptu **lítinn** eða **stóran**
poka af kattamat frá

IAMS

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

ACANA

og fáðu **lítinn**
eða **stóran** poka
af kattasandi
í kaupbæti



Við erum úti á Granda
í Ellingsen húsinu

gæludýr.is

Fiskislóð · Smáratorg · Helluhraun · Bíldshöfði

- VERIÐ VELKOMIN -

Arna

ís- og kaffibar



**VERIÐ VELKOMIN
TIL OKKAR Á EIÐISTORGIÐ**

Við bjóðum upp á kaffi og ótal bragð-
tegundir af dásamlegum Örnú ís.

OPIÐ 9-21 ALLA DAGA
EIÐISTORG 15 · 170 SELTJARNARNES

Ásgerður leiðir lista Sjálfstæðisflokksins

**- ekki enn vitað hversu mörg framboð
verða á Nesinu**

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri mun leiða framboðslista Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningar á Seltjarnesi á komandi vori. Hún hlaut örugga kosningu í prófkjöri á dögnum eða 463 atkvæði af 711.

Magnús Örn Guðmundsson hlaut flest atkvæði í annað sæti listans og Sigrún Edda Jónsdóttir er í þriðja sæti. Bjarni Torfi Álfþórsson er í fjórða sæti, Ragnhildur Jónsdóttir í því fimmta, Sigríður Sigmarsdóttir er í sjötta sæti og Guðrún Jónsdóttir í því sjöunda. Verði framboðslistinn endanlega ákveðinn út frá niðurstöðum prófkjörsins verða fimm konur í sjö efstu sætum hans.

Samkvæmt heimildum Nesfrétta hafa ekki verið teknar ákvarðanir um hvernig aðrir framboðslistar verða skipaðir. Líkur eru taldar til að Samfylkingin bjóði fram undir forystu Guðmundar Ara Sigurjónssonar en Margrét Ólafsdóttir sem leiddi framboðslista hennar í síðustu kosningum gefur ekki kost á sér. Ekki er ákveðið hvort boðið verður fram undir merkjum Neslistans sem starfað hefur í bæjarstjórninni um árabil en Árni Einarsson sem leitt hefur þann lista kveðst ætla að hætta í bæjarmálum. Þá mun vera í undirbúningi að boðið verði fram í nafni Viðreisnar en ekki liggur fyrir hvort boðið verði fram í nafni Pírata Framsóknarflokksins eða annarra framboðsafla. Eins og staðan er í dag gæti svo farið að valið stæði á milli nokkurra framboða við bæjarstjórnarkosningarnar að vori.



Ásgerður
Halldórsdóttir.

Samfylkingin
á Seltjarnarnesi



Hefur þú áhuga á að bæta samfélagið á Seltjarnarnesi?

Samfylkingin á Seltjarnarnesi auglýsir eftir **kraftmiklum Seltirningum** á öllum aldri sem hafa áhuga á að taka virkan þátt í að bæta samfélagið okkar hér á Nesinu.

Ef þú hefur áhuga á að taka sæti á lista Samfylkingarinnar í sveitarstjórnarkosningum í vor þá hvetjum við þig til að **hafa samband við uppstillingarnefnd** Samfylkingarinnar og senda póst á netfangið uppstillingxseltjarnarnes@gmail.com.

Jafnframt óskar nefndin eftir ábendingum þínum um **gott fólk á lista jafnaðarmanna**.

Opið er fyrir ábendingar og tillögur til **26. febrúar**. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar: xseltjarnarnes.is

Allir flottir!

Nesfréttir
Auglýsingasími: 511 1188



SELTJARNARNESBÆR

ENGAR AFSAKANIR – ALLT PLAST Í POKA

Frá og með 1. mars geta íbúar Seltjarnarnesbæjar sett allt plast saman í lokuðum plastpoka í sorptunnuna.

Plastpokarnir verða flokkaðir vélrænt frá öðru rusli og þeim komið til endurvinnslu.

Engar afsakanir og ekkert vesen — annars fær umhverfið að kenna á því.



SORPA

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

AÐSETUR FÉLAGSSTARFSINS ER Á SKÓLABRAUT 3-5.

Þar sem pistillinn okkar varðandi félagsstarfið í janúarmánuði vék fyrir prófkjörsgreinum verða teknar nokkar stiklur úr þeim pistli.

Starfsfólk félags og tómstundastarfsins óskar ykkur öllum gleðilegs árs og þakkar samstarf og samveru á liðnu ári. Í byrjun janúar var borin út dagskrá félags- og tómstundastarfsins sem í gildi er frá janúar til júní 2018. Fólk er hvatt til að kynna sér það sem í boði er og geyma blaðið sem minnisblað. Á þessu dagskrárblaði eru allar dag- og tímasetningar bæði á föstum liðum hvers dags og öðrum viðburðum. Alltaf má þó búast við einhverjum breytingum á dagskránni og þá helst að það bætist inn einhverjir liðir og er þá reynt að auglýsa það með góðum fyrirvara.

Forstöðumaður félagsstarfsins er Kristín Hannesdóttir. Skráning á námskeið og viðburði og allar upplýsingar um starfið er að fá í aðstöðunni á Skólalabraut 3-5 og hjá forstöðumanni í síma 8939800 og 5959147.

Félagsstarfið á liðnu ári var líflegt og dagskráin fjölbreytt, margir viðburðir og þátttakan almennt mjög góð.

Árið hefur farið ágætlega af stað í félagsstarfinu það sem af er. Allir fastir liðir vel sóttir og góð skráning á öll námskeið.

Um miðjan janúar bauð Selkórinn eldri borgurum til söngveislu í Félagsheimilinu sem var mjög vel sótt. Virkilega góð kvöldstund, góð skemmtun og frábærar veitingar. Þorrasamvera var svo í kirkjunni í lok janúar þar sem boðið var upp á erindi og söng í kirkjunni og svo þorramat í safnaðarheimilinu. Maturinn var sérstaklega góður og vel að þessu staðið. Gaman saman var svo í Skelinni í boði ungmennaráðs síðasta miðvikudaginn í janúar. Boðið var upp á félagsvist og kaffiveitingar. Ágætis mæting og ánægjuleg samvera. Sendum við okkar bestu þakki til þeirra sem stóðu að öllum þessum viðburðum.

Þess má geta að námskeiðin í gleri og glerlist hófust aftur eftir heils árs hlé nú um miðjan febrúar. Námskeiðin eru haldin á neðri hæð Félagsheimilisins við Suðurströnd. Gengið niður tröppur að norðanverðu. Skráning og allar upplýsingar hjá leiðbeinanda eða forstöðumanni.

Framundan í félagsstarfinu eru ýmsir viðburðir auk föstu liðanna.

Fimmtudaginn 15. febrúar „Óvissuferð“.

Heimsækjum listakonuna Steinunni Marteinsdóttur að Hulduhólum í Mosfellsbæ. Skráning.

Fimmtudaginn 22. febrúar kl. 19.30.

Kvöldsamvera í salnum á Skólalabraut. Syngjum, dönsu og höfum gaman saman. Léttar veitingar. Skráning.

Fimmtudaginn 8. mars kl. 14.00. Bingó í golfskalanum.

Þriðjudaginn 13. mars kl. 19.30. Félagsvist í boði Lions í salnum á Skólalabraut. (Ath. breytt dagsetning)

Fimmtudaginn 15. mars kl. 13.30. „Óvissuferð“. Landhelgisgæslan og kaffi á Satt.

Mánudaginn 26. mars kl. 19.30. Páskaeggjábíngó í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 19.30.

Ath. Allar hugmyndir og ábendingar um dagskrá, viðburði eða ferðalög má koma á framfæri til Kristínar kristinh@nesid.is eða í síma 8939800. Einnig ef einhver hefur aðgang að tónlistarfólki eða annarskonar skemmtikröftum þá erum við alltaf tilbúin fyrir heimsóknir og góðar samverustundir.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Afsláttur
Í FEBRÚAR
af öllum legsteinum

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

UMHVERFISHORNID

Endurnota - endurvinnna - vertu klár neytandi

Þeim vörum sem við kaupum frá degi til dags fylgir oft umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda, hvort sem það er við framleiðslu, vinnslu, flutning, geymslu eða förgun. Samkvæmt mati á vistspori Íslands er einn stærsti þátturinn í umhverfisáhrifum vegna neyslu Íslendinga af völdum innfluttra raftækja. Mikil verðmæti liggja oft í því sem við köllum rusl og með því að nýta vel, endurnýta og endurvinnna á skynsaman hátt má spara auðlindanotkun og umhverfisáhrif vegna framleiðslu nýrra vara.



Skynsemi í innkaupum

Hugsum okkur vandlega um áður en við kaupum, skoðum hvort raunveruleg þörf sé til staðar – oftar en ekki enda hlutir nánast ónotaðir inni í skápum eða jafnvel í ruslinu innan skamms. Talið er að árið 2008 hafi verðmæti matar sem hent var hér á landi verið um 3.4 milljarðar.

Kaupum endurnið og umhverfismerkt

Með því að velja endurunnar og endurvinnanlegar vörur hvetur þú til endurvinnslu og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda við frumframleiðslu hráefna. Umhverfismerkingar eru jákvæð og skilvirk leið til að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu og til að aðstoða neytendur í að hafa áhrif á markaðinn.

Veljum minni og umhverfisvænni umbúðir

Veldu vörur sem hafa efnisminni umbúðir en samskonar vörur (td. velja stórar pakkningar fyrir vörur í mikilli notkun og áfyllingar í vistvænni umbúðum þar sem það er hægt). Takmörkum umbúðamagnid eftir bestu getu.

Veljum fjölnota

Með því að nýta hluti oftar sparar þú orku og auðlindir sem þarf til framleiða nýja. Auðveld leið er til dæmis að nota taupoka við innkaup í stað plastpoka, nýta umbúðir undan matvælum og nota til geymslu á afgöngum.

Nýtni og viðhald

Oft er hægt að gera upp gamla hluti með litlum tilkostnaði og fyrirhöfn til þess að lífga upp á heimilið og tilveruna. Að nýta vel og halda við því sem keypt hefur verið er bæði gott fyrir fjárhaginn og umhverfið. Ef það kostar jafnmikið að gera við og að kaupa nýtt er ekki spurning að það að gera við hluti er betra fyrir umhverfið og efnahagslífið í landinu.

Endurvinnnum

Forðum nýtanlegum hlutum frá urðun og spörum losun gróðurhúsalofttegunda sem hljótast bæði af óþarfa förgun og af framleiðslu og flutningi nýrra vara. Það sem er gamalt fyrir þér getur orðið nýtt og flott fyrir aðra. Góði hirðirinn er nytjamarkaður Sorpu og líknarfélaga (ágóði starfsins rennur til góðgerðarmála) og þar má finna ýmsar gersemar á mjög hagstæðu verði. Ágóði af nytjamarkaðnum Sorpu hefur þrjátíufaldast síðustu 10 árin og fer um það bil einn gámur af nytjahlutum í umferð á hverjum degi. Kynnum okkur málið og endurvinnnum!

Meira grænmeti

Framleiðslu á kjöti og mjólkurafurðum fylgir almennt meiri orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda en ræktun á grænmeti. Með því að auka hlutfall grænmetis í fæðuvæli getur þú dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Svo er það líka gott fyrir heilsuna.

Kaupum innlent og veljum eftir árstíðum

Flutningar, og þá sérstaklega á ferskvöru sem flutt er með flugi og vörubílum, standa oft fyrir stórum hluta losunar gróðurhúsalofttegunda sem verður vegna neyslu heimilisins. Loftslag á Íslandi hentar ekki til ræktunar á öllum matvörum og er þá gott að hafa í huga að velja frekar ferskvöru eftir árstíma í framleiðslulöndunum.

Ýmsar heimildir

F.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir formaður

NESIÐ OKKAR

Íbúakosning 2018



Ertu með hugmynd?

NESIÐ OKKAR er nýtt samráðsverkefni íbúa og bæjarins. Bæjarbúum gefst nú tækifæri til að hafa lýðræðisleg áhrif á forgangsörðun og úthlutun 10.000.000 kr. af framkvæmdafé sumarsins sem sett verður í smærri nýjar framkvæmdir og viðhaldsverkefni á Seltjarnarnesi. Þetta skemmtilega verkefni, **NESIÐ OKKAR** skiptist í þrjá hluta; **hugmyndasöfnun**, **íbúakosningu** og **framkvæmd**. Taktu þátt og sendu inn þínar hugmyndir á nesid-okkar.betraisland.is

ÞÍN HUGMYND



20. febrúar – 11. mars
Hugmyndasöfnun er hafin á vefnum!



27. febrúar
Íbúafundur í Valhúsaskóla.



12. mars – 9. apríl
Hugmyndir metnar af matshópum.



10. apríl – 24. apríl
Rafræn kosning á milli 20 verkefna.



26. apríl
Úrslit tilkynnt og framkvæmdir hefjast.

Ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulagið og skilyrðin sem verkefnið þurfa að uppfylla er að finna á seltjarnarnes.is og nesid-okkar.betraisland.is



Góður árangur á RIG

Fimleikakeppni Reykjavík International Games fór fram í Ármannshemilinu helgina 2. til 4. febrúar. Á móttinu mátti sjá flest af besta fimleikafólki landsins ásamt erlendum gestum en keppendur komu frá fimm löndum. Keppt var í fullorðins- og unglingsflokkum og átti Gróttu 3 keppendur í unglingsflokkum en það voru þær Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir. Laufey Birna Jóhannsdóttir varð í 2. sæti á tvíslá og í þriðja sæti í fjölþraut.



Árlegt Hello Kitty mót fimleikadeildar Gróttu fór fram helgina 20. til 21.

janúar. Fyrsta Hello Kitty mótið var haldið árið 2009 og hafa margar fimleikastjórnur stigið sín fyrstu skref í keppni á þessu móti. Í ár kepptu um 260 stúlkur á móttinu í 5., 6. og 7. þrepi Fimleikastigans. Að þessu sinni var einnig haldið Vinamót í 6. þrepi drengja í fyrsta skipti og tóku drengir frá Gerplu og Gróttu þátt. Drengirnir stóðu sig vel og við vonumst til að sjá drengi frá fleiri félögum á næsta ári. HB heildverslun og Fimleikavorur. is gáfu keppendum glaðning í mótslok og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Við þökkum einnig öllum gestum okkar og keppendum fyrir komuna og góða og skemmtilega keppni.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Gróttu vann Fótbolta.net mótið



Meistaraflokkur karla í knattspyrnu.

Meistaraflokkur karla lék í B-deild Fótbolta.net mótsins í janúar og febrúar. Fyrsta leiknum við 1. deildarlið Njarðvíkur lauk með 1-1 jafntefli í Reykjaneshöllinni og í kjölfarið fylgdu góðir sigrar á Víkingi Ó og Aftureldingu.

Gróttu komst því í úrslitaleikinn þar sem Seltirningar mættu liði

Vestra í Akraneshöllinni. Þar báru Gróttumenn 3-1 sigur úr býtum en Gunnar Birgisson skoraði fyrsta mark Gróttu beint úr aukaspyrnu og þeir Ásgrímur Gunnarsson og Róbert Darri Jónsson skoruðu sitt markið hvor. Lengjubikarinn hefst svo þann 24. mars hjá strákunum og viku síðar hefur kvennaliðið leik.

Mikil barátta framundan



Núna standa meistaraflokkarnir í handboltanum í ströngu. Margir mikilvægir leikir eru framundan. Kvennaliðið er í mikilli baráttu við Fjölni og Selfoss um að tryggja veru sína í Ólíseildinni að ári. Svipað er uppi á teningnum hjá karlaliðinu sem leikur marga mikilvæga leiki næstu vikurnar.

Kvennaliðið átti frábæran sigurleik gegn Fjölni í janúar og hafði þar með sætaskipti við liðið. Lovísa Thompson átti frábæran leik og skoraði alls 10 mörk úr öllum regnbogans litum. Karlaliðið átti að sama skapi mjög góðan leik gegn Stjörnunni í byrjun febrúar og unnu svo frábæran sigur á Aftureldingu og eru nú í 9. sæti deildarinnar.

Á meðan Ólíseildarliðin okkar róa lífróðri, treysta þau jafnframt á dyggan stuðning Seltirninga og annars Gróttufólks. Mætum á völlinn og stöðjum okkar afrekslið meðal þeirra bestu.



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170



Gróttta á Ákamótinu

Helgina 2. - 4. febrúar fór fram hið árlega Ákamót fram í 7. flokki karla og kvenna. Flest lið landsins taka þátt í mótinu og úr verður hið besta skemmtun fyrir alla aðila.

Samtals tefldi Gróttta fram 8 liðum á mótinu, fjórum strákaliðum og fjórum stelpuliðum. Gróttukrakkarnir stóðu sig einstaklega vel á mótinu og mátti sjá miklar framfarir frá seinasta móti sem og á mótinu sjálfu. Leikgleðin skein í gegn og augljóst að krakkarnir njóta sín vel á vellinum. Þjálfarar strákanna eru Hannes Grimm og Filip Andonov og þjálfari stelpnanna er Laufey Helena.



Viðreisn stofnar félag á Seltjarnarnesi

Félag Viðreisnarfólks á Seltjarnarnesi var stofnað með formlegum hætti miðvikudaginn 7. febrúar. Stofnfundur félagsins var haldinn á Rauða ljóninu og sóttu á þriðja tug fundinn.

Á fundinum var Páll Árni Jónsson kjörinn formaður, en Rán Ólafsdóttir og Karl Pétur Jónsson meðstjórnendur.

Formaður Viðreisnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók til máls á fundinum og benti á að þrátt fyrir að segja meggi að Seltjarnarnes sé að mörgu leyti fyrirmyndarsveitarfélag, þá sé það ekki lýðræðinu hollt að sömu aðilar sitji að völdum í meira en hálfa öld.

Líflegar umræður um bæjarmálin fóru fram á fundinum, en Viðreisnarfélagið stefnir að framboði til bæjarstjórnar í kosningunum í maí. Bæjarbúar sem áhugasamir eru um þátttöku í framboðinu geta gefið sig fram við félagið með því að senda tölvupóst á póstfangið seltjarnarnes@vidreisn.is



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Dýri Guðmundsson, hann var á dögunum valinn Seltirningur ársins á Porrablóti Seltrirninga:

Fullt nafn? Dýri Guðmundsson.

Fæðingard. og ár? Um "miðja síðustu öld" (14.9.1951).

Starf? Tónhald og bóklist. Eða bókhald og tónlist 🤔 ?

Farartæki? Já. Og tveir jafnfljótir. Og strætó stundum.

Helstu kostir? Engir. 😊

Eftirlætis matur? Svið.

Eftirlætis tónlist? R&B þ.e. tónlistin taktur og tregi. (Hvað eru mörg "tje" í því?).

Eftirlætis íþróttamaður?

Geir Hallsteinsson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Sænskir "svakamálþættir".

Besta bók sem þú hefur lesið?

Ævisaga Abraham Lincoln.

Uppáhalds leikari? Jerry Lewis.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Roy Rogers í 3-bíó, 1957.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Drekk kaffi með sundlaugargestum á Nesinu".

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Fjalllendi (hvað eru mörg ell í því?) í Tyrklandi.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Humör. 😊

Hvern vildir þú helst hitta?

Michael Douglas. Og Keef. Og mr. Watts.

Uppáhalds vefsíða? Fésbókin.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Barnabörnin í heimsókn.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

10 milljónir í happdrætti? Troða þeim inn á bankareikninginn og eyða svo smátt og smátt.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri

í einn dag? Þjóða starfsfólkinu í laugina.

Og kaffi á eftir.



Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Friði á jörð.

Hver er munurinn á "kirkja" og

"kyrkja"? Munurinn á i og y!

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fór í sumarfrí. 😊

Uppáhalds íþróttafélag?

Fimleikafélagið GróttuValur.

Uppáhaldsútvarpsþáttur?

Óveðrið klukkan 18.

Uppáhaldsmatur?

Hádegismaturinn á Grund.

Uppáhaldstímarit? Nesfréttir.

Uppáhaldsstrætisvagnaleið?

Leið 11 er ekki leið inleg. 😊

Uppáhaldsprestur? Séra Bjarni í

Seltjarnarneskirkju og séra Hannes Örn í

Eyjafirði eru frábærir.

Uppáhaldsbrandari? "Þekkirðu Brand, Ari"?

Hvað sagði Tarzan er hann sá filana

koma yfir hæðina? "Nei, þarna koma

filarnir yfir (Valhúsa)hæðina!"

Hvert er uppáhaldsliðið þitt í Ensku

knattspyrnunni? Liðið sem vann

Englandsmeistarátítilinn 1971. Man ekki

hvað það heitir. 😊

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





SNITTUBAKKI
4 tegundir, 10 stk. af tegund
VERÐ 13.000 KR.



SPJÓTBAKKI
24 rækjuspjót með chilísósu
24 kjúklingaspjót með teriyakisósu
VERÐ 14.900 KR.



B A K A R Í

Veislupjónusta að hætti Jóa Fel

*Skoðaðu úrvalið í nýrri vefverslun
www.joifel.is*



SAMLOKUBAKKI
Fyrir 6-8 manns - 4 tegundir.
2 beikon, 2 kalkún, 2 ólífur, 2 Brie.
VERÐ 7.900 KR.



GRÆNN BAKKI
Fyrir 15-20 manns.
VERÐ 5.950 KR.



SÆTUR BAKKI 1
90 BITAR
VERÐ 15.900 KR.



OSTA- OG SALATBAKKI
Fyrir 10-15 manns.
VERÐ 7.950 KR.